

L Ö G

um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir
á vinnustöðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 10. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Ráðherra er einnig heimilt, að fengnum tillögum öryggismálastjóra og öryggisráðs, að kveða svo á með reglugerð, að réttindi til stjórnar nánar tiltekinna, stórvirkra vinnuvéla skuli bundin við ákveðna starfsreynslu eða nám.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um Skipaútgerð ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki
voru:

1. gr.

Skipaútgerð ríkisins, sem hóf starfsemi sína árið 1929, skal framvegis starfa undir yfirstjórn ráðherra samkvæmt ákvæðum þessara laga.

2. gr.

Hlutverk Skipaútgerðar ríkisins er að annast áætlunarferðir skipa með farþega, pósti og vörur meðfram ströndum Íslands, svo og aðra útgerðarstjórn, sem henni kann að vera falin. Einnig skal Skipaútgerðinni heimilt að halda uppi flutningum á landi milli hafna í sambandi við áætlunarferðir strandferðaskipa.

Skipaútgerðin ákveður, frá hvaða höfnum skip hennar skuli gerð út. Henni er heimilt að reka skipaafgreiðslu í Reykjavík, en á öðrum höfnum skulu ráðnir umboðsmenn til afgreiðslustarfa fyrir Skipaútgerðina.

3. gr.

Ráðherra skipar forstjóra Skipaútgerðarinnar í embætti og setur honum erindisbréf.

4. gr.

Ráðherra skipar formann stjórnarnefndar Skipaútgerðarinnar og með honum í stjórnarnefndina tvo menn, annan samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra. Gildir skipun stjórnarnefndarinnar til fjögurra ára í senn, og skal ráðherra ákveða laun hennar.

Verkefni stjórnarnefndarinnar er að taka, undir yfirstjórn ráðuneytisins, sam-eiginlega ákvarðanir um öll meiri háttar mál, er varða rekstur Skipaútgerðarinnar, þ. á m. áætlanir um ferðir skipanna, um far- og farmgjalddataxta, um ráðningu starfsfólks og umboðsmanna, um meiri háttar viðgerðir og endurbætur á skipum, húsa-kynnum eða tækjum, um vátryggingar skipanna, um breytingar á rekstri, þar með talið um kaup eða sölu á skipum, öflun tilboða í því sambandi og mat á tilboðum, sem berast kunna, svo og önnur þau mál, sem nefndin telur að eigi falli undir dag-leg störf forstjórans.

Nefndin skal halda gjörðabók, sem löggilt er af ráðuneytinu.

5. gr.

Reikningar Skipaútgerðarinnar skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni og birtir með ríkisreikningnum.

6. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. apríl 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Finnsson.

Gizur Bergsteinsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.